



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík – Njarðvík
Pósthólf 100 Sími 92-3100

87. fundur

skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldinn miðvikudaginn 2. maí 1984, og hófst hann kl. 5 e.h. Fundinn sóttu: Jón Böðvarsson, skólameistari, Gunnar Sveinsson, formaður skólanefndar, Halldór Guðmundsson, Bogi Hallgrímsson, Hreinn Ásgrímsson, Eggert Ólafsson, Ingimundur Guðnason, Ingólfur Halldórsson, aðstoðar-skólameistari, Gísli Torfason, fulltrúi kennara og Valtýr Guðjónsson, ritari nefndarinnar.

Þetta gerðist :

1. Ákveðið var að skólaslit fari fram í kirkjunni í Grindavík 19.. maí n.k. kl. 11⁰⁰. Undirbúning og stjórnun annast Guðni Kjartansson í samráði við Boga Hallgrímsson. Verður athöfnin með hefðbundnum hætti.

2. Skólameistari ræddi um mjög aukna aðsókn að rafiðnadeild skólans og kvað brýnt að ákveða hvort þar fari fram þriggja ára nám eða einungis grunndeildarnám eins og á öðrum verknámsbrautum. Halldór og Gunnar hvöttu til þess að málið yrði athugað nánar. Gunnar minnti á að stefna skólans væri að hafa námsframboð sem mest. Halldóri og skólameistara var falið að ræða málið við rafvirkjameistara á svæðinu. Kennslukrafta vantar við brautina eins og nú standa sakir.

3. Fjármál.

A. Formaður sagði frá fundi með fulltrúum menntamálaráðuneytisins, Örlygi Geirssyni og aðstoðarmanni hans, 26. apríl s.l. Frá skólanum sóttu fundinn Gunnar Sveinsson, Halldór Guðmundsson, Bogi Hallgrímsson, skólameistari og reikningshaldari. Fundur þessi var ráðgerður samkvæmt 86. fundargerð (sjá 4. lið, E-A-B) þegar fram var lagður "úrskurður" ráðuneytisins um þátttöku ríkisins og greiðsluhlutfall í rekstrarkostnaði skólans, m.a. launakostnaði kennara o.fl. Niðurstöður fundarins í ráðuneytinu voru langt frá því að vera í samræmi við samning svéitarfélaganna og ríkissjóðs um rekstrarþátttöku frá árinu 1976. Var því samþykkt að halda málinu áfram, m.a. með bréfaskriftum.

B. Upplýst var að borist hafi greiðsla frá ríkissjóði, kr. 740.240, en þá upphæð telja starfsmenn fjármáladeildar menntamálaráðuneytis ríkissjóð hafa skuldað skólanum í árslok 1983. Fjárhæð þessi dugði til þess að greiða skólaakstur nemenda á vorönn 1984 og hluta af skuld skólans við ýmis fyrirtæki. Samt skuldar skólinn nokkuð á aðra milljón króna. Samþykkt var að leita eftir bráðabirgðaláni - allt að kr. 400.000 - í Sparisjóðnum í Keflavík til þess að létta á lausaskuldum skólans.

C. Skólameistari minnti á að verðbótafé vegna stofn- og byggingarkostnaðar frá árinu 1980 og síðan hafi enn hvorki fengist útreiknað né greitt þrátt fyrir loforð í þá veru.

D. Aðstoðarskólameistari ræddi um þegar hafnar framkvæmdir á lóð skólans sem starfsmenn Keflavíkurbæjar annast, sbr. 86. fundargerð, 2. lið. Skólameistari skýrði frá því að hann og aðstoðarskólameistari hafi að morgni 2. maí farið á fund bæjarstjóra í Keflavík og gert honum ljóst að/hafi ekkert fé í ár til skólinn þess að greiða fyrir lóðarframkvæmdir. Samþykkti bæjarstjóri að skuldfæra upphæðina til næsta árs að uppfylltum vissum skilyrðum.

4. Skýrt var frá að skólastjórar grunnskóla á Suðurnesjum og fulltrúar FS, Hjálmar Árnason og Gunnar Þórarinsson, hafi átt fund með forsetum bæjarstjórna og oddvitum á Suðurnesjum 30. apríl s.l. Þar hafi skólastjórunum verið heimilað að halda áfram undirbúningi að stofnun tölvuvers - með fyrirvara um þátttöku menntamálaráðuneytis í kostnaði. Á þeim fundi var þess óskað að Jón Böðvarsson freistaði þess að koma á fundi með menntamálaráðherra og stjórn væntanlegs tölvuvers. Í þá stjórn voru valdir Sigurður Þorkelsson, skólastjóri Holtaskóla í Keflavík, Gylfi Guðmundsson, skólastjóri Grunnskóla Njarðvíkur og fulltrúi frá FS. Samþykkt var að fresta kjöri á fulltrúa FS til næsta skólanefundarfundar, en skólameistari sæti í stjórninni þangað til. Lögð var fram umsögn sem Konráð Ásgrímsson hefur samið fyrir hönd FS um skýrslur tvær sem menntamálaráðuneytið hefur sent út og varða tölvumálefni. Önnur fjallar um menntun kennara á sviði tölvufræða, en hin um gerð námsskrár í tölvufræðum við grunn- og framhaldsskóla. Teljast báðar skýrslurnar vel unnar.

5. Starfsmannaráðningar.

A. Dreift var ljósriti af auglýsingu menntamálaráðuneytisins um lausar kennarastöður við skólann næsta starfsár í " íslensku, erlendum málum, bókfærslu, vélritun, eðlisfræði, efnafræði,

líffræði, stærðfræði og sérgreinum á rafiðna- og tréiðnabrautum. Umsóknarfrestur er til 26. maí.

B. Lagt var fram bréf skólanefndarformanns og skólameistara til Júlíusar Óskarssonar, húsvarðar, sem sjötugur varð 13. apríl s.l. og lætur því af störfum lögum samkvæmt. Jafnframt var tilkynnt að Júlíusi hafi verið afhent gjöf frá skólanefnd í þakklætisskyni fyrir störf í þágu skólans. Samþykkt var að auglýsa stöðu húsvarðar með umsóknarfresti til 31. maí.

C. Lesið var bréf frá Gizuri Í Helgasyni, skipuðum kennara við skólann þar sem hann óskar eftir "að sitja í hálfri stöðu við skólann næsta skólaár". Einróma var samþykkt að mæla með erindi Gizurar, og verður menntamálaráðuneytinu sent bréf þess efnis.

D. Með vísan til þess að ráðningartími aðstoðarskólameistara rennur út 31. júlí 1984 var samþykkt að skrifa ráðuneytinu og spyrja hvort auglýsa beri stöðuna að nýju. Teljist það nauðsynlegt óskar skólanefndin þess að auglýst verði sem fyrst.

E. Lögð var fram álitssgerð um námskeiðahald á vegum FS á haustönn 1984 sem Hjálmar Árnason hefur saman sett og dagsett er 2. maí. Lagt er til að þátttökugjöld standi að mestu undir kostnaði. Samþykkt var að ræða álitsgjörð þessa á næsta skólanefndarfund.

F. Lögð var fram skýrsla Helga Eiríkssonar um starfsdagana 27. febrúar til 1. mars s.l. - Fór þessi þáttur skólastarfsins fram með nokkuð öðrum hætti en áður og miðaðist við að virkja sem best til þátttöku nemendur og kennara innan veggja skólans. Forystu um undirbúning og skipulag höfðu af hálfu kennara Þórunn Friðriksdóttir og Helgi Eiríksson og af hálfu nemenda Ásgeir Agústsson, Edda Rós Karlsdóttir, Erlendur Indriðason og Viktor Kjartansson. Dagskráin snerist mest um beint starf að blaða-útgáfu, fjölmiðlun, leiktækni o.fl. Ýmiss konar sýningar voru og hljómleikar. Aðkomufólk flutti fræðsluerindi og las upp - og þótti vel takast.

G. Lagt var fram bréf frá Brunavörnum Suðurnesja og Vinnueftirliti ríkisins. Ýmsu er talið ábótavant í húsnæði tréiðnadeildar, og veittur er frestur til 10. júní til þess að framkvæma úrbætur. Aðstoðarskólameistara var falin úrlausn.

6. Önnur mál.

A. Gísli Torfason las ályktun kennarafélagsfundar 30. apríl 1984 þar sem harmað er "að stjórnendur skólans hafi ákveðið að segja upp Júlíusi Óskarssvni, húsverði, vegna aldurs" og mælt "til þess að Júlíus verði lausráðinn og fái að starfa fyrir skólann meðan honum endist áhugi og heilsa." Formaður vakti athvæli á að Júlíusi hefur ekki verið sagt upp heldur láti hann af embætti lögum samkvæmt vegna aldurs. Gísli kvað óskina um að Júlíus fái að starfa áfram í þágu skólans meginatriði ályktunarinnar.

B. Gísli vakti athvæli á að gevmslurvími vantaði á fvrstu hæð fyrir ýmiss konar tæki, svo sem myndvarpa, sjónvarpstæki, myndband og skyld tæki og spurðist fyrir um hvort innrétta mætti rými undir stiga í þessu skyni. Skólameistari taldi þörf á að taka mál þetta til athugunar þegar önn leyfir. Aðstoðarskólameistara var falið að sinna máli þessu.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið.

Valtýr Guðjónsson
ritari